

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vináttu- og stuðningsfélag St. Franciskussystra.

1. gr.
Stofnendur.

St. Franciskusreglan, kt. 611289-2519, stofnar hér með sjálfseignarstofnunina Vináttu- og stuðningsfélag St. Franciskussystra.

2. gr.
Framlag stofnenda.

Stofnfé er 5.000.000 kr. sem lagt er fram af stofnanda. Stofnfé er óskerðanlegur höfuðstóll sem ávaxta skal með trygglegum hætti.

3. gr.
Heimili.

Heimilisfang og varnarþing sjálfseignarstofnunarinnar er í Stykkishólmi.

4. gr.
Ábyrgð.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er óháð öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

5. gr.
Tilgangur og starfsemi.

Megintilgangur stofnunarinnar er að styðja þá sem veita heilbrigðisþjónustu í Stykkishólmi til handa þeim sem á hjálp þurfa að halda vegna sjúkdóma. Sinnir stofnunin meðal annars verkefnum sem gera hlutaðeigandi kleift að stuðla að bata skjólstæðinga sinna og velferð starfsmanna. Ennfremur varðveitir stofnunin gögn sem vitna um sögu reglustarfssins í Stykkishólmi og hefur á annan hátt í heiðri minningu þess.

Í samræmi við tilgang stofnunarinnar getur stjórn hennar haft frumkvæði að einstökum styrk-úthlutunum. Jafnframt er stjórn heimilt að veita styrki á grundvelli styrkumsókna sem henni berast.

6. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórnina skipa Róbert W. Jörgensen, kt. 150551-2779, Tjarnarási 3, 340 Stykkishólmi, Sturla Böðvarsson, kt. 231145-3039, Ásklifi 20, 340 Stykkishólmi og Elínborg Sturludóttir, kt. 211268-3019, Helgugötu 13, 310 Borgarnesi. Stjórnarmenn sitja ótímacundið í stjórninni, en segi þeir sig úr stjórn eða varastjórn skulu þeir tilnefna nýjan mann í sinn stað. Hverfi menn úr stjórn eða varastjórn án þess að tilnefna mann í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann. Varamaður í stjórn er Elín Elísabet Jörgensen, kt. 201078-3699, Västerås, Svíþjóð, og tekur hann sæti í aðalstjórn í forföllum aðalmanna. Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi fyrir venjuleg stjórnarstörf.

7. gr.
Starfssvið stjórnar.

Stjórnin skal framfylgja meginmarkmiðum stofnskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Hún skal taka allar meiriháttar ákvarðanir á vegum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður m.a. stefnu stofnunarinnar almennt og í einstökum málefnum, sér um bókhald og gerir rekstraráætlunar.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með trygglegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks málს ef það málefni sem fyrir liggar til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.

Skyldur stjórnar.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila. Árlega fyrstu fimm árin frá stofnun og ávallt samkvæmt sérstakri beiðni skal hún gefa ráði St. Franciskussystra skýrslu um starfsemi sína og svara þeim fyrirspurnum sem að henni er beint eftir því sem unnt er.

10. gr.

Fjároflun.

Stofnunin veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárfamlögum til starfsemi sinnar. Henni er heimilt að taka lán til sérstakra verkefna.

11. gr.

Ráðstöfun eigna.

Stjórnin má ráðstafa tekjum og eignum stofnunarinnar, öðrum en óskerðanlegum höfuðstól til málefna sem tengjast megintilgangi stofnunarinnar, sbr. 5. gr. Fasteignir stofnunarinnar má eigi selja eða veðsetja, nema að fengnu samþykki sýslumannsins á Sauðárkróki.

12. gr.

Breyting á stofnskrá.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef tveir af þremur stjórnarmönnum ákveða það. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á þeirri breytingu.

13. gr.

Slit stofnunarinnar.

Stofnuninni verður slitið ef tveir stjórnarmenn ákveða það. Leita skal samþykki sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir slitum. Skal fjármununum þá varið í samræmi við markmið sjálfseignarstofnunarinnar eða skyld markmið. Stjórnin gerir tillögur um hvernig ráðstafa skuli eignunum.

14. gr.

Reikningar.

Stjórn sjálfseignerstofnunarinnar skal ganga frá reikningum stofnunarinnar fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn stofnunarinnar ræður til eins árs í senn.

15. gr.

Reikningshald.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun til ársloka 2009.

16. gr.

Breyting á formi.

Meirihluti stjórnar stofnunarinnar getur ákveðið að breyta formi hennar þannig að sjálfseignerstofnuninni sé heimilt að stunda rekstur samkvæmt lögum nr. 33/1999, og gera nauðsynlegar breytingar á stofnskrá þessari svo hún uppfylli ákvæði þeirra laga. Slíkar breytingar þarfnaðast samþykki sýslumanns.

Nr. 743

19. ágúst 2009

17. gr.
Staðfesting.

Leita skal eftir staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari sem og fyrir breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 19. ágúst 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi M. Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. september 2009